

Borgarráð

Menntastefna Reykjavíkurborgar – umsagnarferli

Í samræmi við niðurstöðu fundar samráðshóps um mótun menntastefnu sl. föstudag er lagt til að borgarráð samþykki að vísa hjálögðum drögum að menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 í umsagnarferli. Lagt er til að drögin fari til umfjöllunar á fundum forstöðumanna á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs og á opnum fundi eða fundum fyrir starfsfólk og verði þeir fundir haldnir fyrir sumarleyfi. Skóla- og frístundasvið annist undirbúning. Drögin verði jafnframt send í víðtækt umsagnarferli og verði aðgengileg á samráðsvef menntastefnunnar til að kalla fram viðbrögð, sjónarmið og ábendingar þeirra sem hafa aðkomu að menntamálum í borginni. Miðað er við að tillaga um menntastefnu Reykjavíkurborgar verði lögð fram að loknu umsagnarferli eftir miðjan ágúst.

Greinargerð:

Mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar hefur staðið yfir frá því í ársbyrjun 2017 en borgarráð samþykkti í janúar 2017 að hefja vinnu við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Vinnan hefur byggt á víðtækri samvinnu allra helstu aðila sem koma að skólamálum í borginni: kennara, annarra starfsmanna, stjórnenda, foreldra, innlendra og erlendra ráðgjafa og síðast en ekki síst barna og ungmenna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi í Reykjavík. Einnig hefur verið lögð áhersla á aðkomu fulltrúa allra flokka að vinnunni, enda er hún mótuð til framtíðar. Þúsundir einstaklinga hafa lagt verkefninu lið með hugmyndum, ábendingum og tillögum og almenningi gafst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á vefnum Betri Reykjavík.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Menntastefna Reykjavíkurborgar - drög.

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

„Látum draumana rætast

Á hverjum degi upplifi öll börn og unglingar ævintýri og komi heim úr skóla- og frístundastarfi ánægð, hugsandi, forvitin, full ástríðu og vilja til að afla sér þekkingar og hafa áhrif. Þannig stuðli skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar að því að börn og unglingar verði leiðtogar í eigin lífi og fær um að láta drauma sína rætast.

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum samfélags á Íslandi jafnframt því að svara þeim öru samfélags- og tæknibreytingum sem kollvarpað hafa hefðbundnum hugmyndum um sköpun og miðlun þekkingar á 21. öldinni.

Menntastefnan endurspeglar grunnildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi, í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Frumkvæði, áræðni, þrautseigja, sköpunargleði og sterk tengsl við náttúruna eru verðmæt sérkenni samfélags á Íslandi. Einstök náttúra, ríkulegur menningararfur og árangur á margvíslegum sviðum vísinda, fræða, menningar, íþróttar, jafnréttis og forvarna skapa frjóan jarðveg fyrir framsækna og framúrskarandi menntun barna og ungmenna í Reykjavík.

Framsækið fagfólk ýtir undir áhuga, ástríðu og árangur allra barna og unglunga. Það rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur að sameiginlegum markmiðum og skapar nýja starfs- og kennsluhætti í takti við nýja tíma.

Virgni og lýðræðisleg þátttaka barna og unglunga eru mikilvægt leiðarljós í öllu skóla- og frístundastarfi. Þannig fá þau raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi.

Uppeldi og menntun barna og unglunga er samfélagslegt verkefni og á sér stað með formlegum og óformlegum hætti innan sem utan veggja skólans og heimilisins – það þarf þorp til að ala upp barn. Menntastefna Reykjavíkurborgar er mótuð í samstarfi þúsunda borgarbúa; með aðkomu barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, foreldra, starfsfólks skóla- og frístundasviðs, kjörinna fulltrúa, innlendra og erlenda ráðgjafa og almennings.

Með menntastefnunni er sköpuð umgjörð menntunar í borginni sem hvílir á grunnildum íslensks samfélags: jöfnuði, frelsi, friði og samvinnu en tekur um leið opnum örmum á móti framtíðinni og veitir nýrri tækni, þekkingu, hæfni og hugmyndum farveg.

Markmið

Markmið okkar er að öll börn:

- vaxi, dafni og uni saman í samfélagi sem einkennist af lýðræði, jafnrétti, mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- þrói sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri námslega og félagslega í skóla- og frístundastarfi.
- lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru.
- sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun.
- tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og búi yfir hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Stefna

Til að þjóna fyrrnefndum markmiðum leggjum við sérstaka áherslu á tiltekna lykilhæfni barna og ungmenna: **félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði**. Reykvísk börn og ungmenni búi jafnframt yfir nauðsynlegri þekkingu og hæfni á helstu námssviðum samkvæmt aðalnámskrá.

Stefna okkar er að:

- öll börn fái tækifæri til að uppgötva og nýta hæfileika sína í fjölbreyttum viðfangsefnum.
- öll börn hafi áhrif og val í námi, starfi og leik.
- hlúa að velferð og heilbrigði allra barna sem undirstöðu árangursríks skóla- og frístundastarfs.
- nýta stafræna tækni til að auðga menntun allra barna og veita þeim fjölbreytt tækifæri til sköpunar og tjáningar.
- styðja faglegt frumkvæði starfsfólks sem búi við góðar starfsaðstæður og fái hvatningu og tækifæri til starfsþróunar og víðtæks samstarfs í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum.
- virkja foreldra sem mikilvæga samstarfsaðila um nám og velferð barna sinna.

Hlutverk starfsfólks

Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið fagfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og skapar nýja starfs- og kennsluhætti sem ýta undir **áhuga, ástríðu og árangur** allra barna og unglinga. Hlutverk fagfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningarlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

Fagfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinnur að því að þróa lausnamiðaðar og sveigjanlegar leiðir sem endurspeglar virðingu fyrir ólíkum þörfum og mismunandi sýn, menningu og reynslu barna og foreldra í skólasamfélaginu.

Aðgerðir og þróunarverkefni, 2018 til 2020

Lykiltæki til breytinga og innleiðingar á menntastefnunni er að fagfólki á vettvangi í skóla- og frístundastarfi er treyst til að útfæra stefnuna miðað við aðstæður á sínum stað, í náinni samvinnu sín á milli, í samstarfi við frjáls félagasamtök, listamenn, listaskóla og fleiri og síðast en ekki síst með virkri þátttöku barna og nemenda á öllum stigum.

Á næstu þremur árum mun Reykjavíkurborg veita nauðsynlegan stuðning til að fylgja menntastefnunni og ná markmiðum hennar meðal annars með forgangsröðun og fækkun annarra verkefna en kennslu og áherslu á þarfir nemenda, stofnun þróunarsjóðs, fjármögnun á kerfi leiðsagnarkennara, öðrum aðgerðum og sérstökum þróunarverkefnum í samræmi við stefnuna. Að

Þessu þróunartímabili loknu verður mat lagt á hvornig til hefur tekist og gerðar nauðsynlegar endurbætur í ljósi reynslunnar.

Almennar aðgerðir

Reykavíkurborg mun hrinda í framkvæmd ýmsum almennum aðgerðum sem meðal annars eiga upptök sín í vinnu starfshópa um bætt vinnuumhverfi starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

1. Tryggja börnum jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika.
2. Auka vægi náttúrugreina, útináms og sköpunar innan samfellds skóladags barna og ungmenna.
3. Fjölga fagmenntuðu starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundapjónustu og efla faglegt samstarf þeirra, m.a. með aukinni teymiskennslu.
4. Veita starfsfólki skóla- og frístundasviðs rík tækifæri til starfsþróunar og tryggja þeim markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi.
5. Einfalda allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir með áherslu á að veita börnum þjónustu í nærumhverfi þeirra. Samþætta í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, sérkennslu og stuðnings. Lögð verði áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngríp sem skila börnum framförum en dregið úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.
6. Tryggja að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs sé fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf, og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.
7. Innleiða heildstæða nýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi. Áhersla verði á að bæta búnað, veita ráðgjöf og efla símenntun á sviði upplýsingatækni.
8. Setja á fót Nýsköpunarmiðstöð menntamála sem tryggi starfsstöðvum öflugan stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar.
9. Auka samstarf við foreldrasamtök og tryggja aðkomu foreldra að meiriháttar stefnumótandi ákvörðunum um skóla- og frístundastarf í borginni.
10. Stofna þróunarsjóð til að styðja við fjölbreytt þróunarverkefni sem ýti undir samvinnu þar sem starfsstöðvar og geti nýtt mannauð sinn í að útfæra og innleiða einstaka áhersluþætti menntastefnunnar.

Aðgerðir tengdar lykilhæfni barna og ungmenna

Félagsfærni

1. Starfsfólk fái markvissa kennslu og þjálfun í að vinna með félagsfærni barna.
2. Fagfólk í grunnskólum og frístundastarfi starfi saman í teyllum að bættri félagsfærni og samvinnu, s.s. með skipulagningu náms, hópastarfi, verkefnum og vettvangsferðum.
3. Veittur verði öflugri stuðningur við börn og ungmenni í hegðunar- og samskiptavanda með aukinni ráðgjöf og ráðningu fleiri sérhæfðra starfsmanna.
4. Allar starfsstöðvar skóla- og frístundasviðs vinni markvisst gegn einelti (í samræmi við stefnuna „Vinsamlegt samfélag“).
5. Gefnar verði út leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd bekkjarfunda, störf barnaráða leikskóla og frístundaheimila, nemendaráða grunnskóla, unglíngaráða félagsmiðstöðva, ungmennaráða og lýðræðisvinnu í skólahljómsveitum Reykjavíkur.
6. Settur verði á fót hugmyndabanki um samfélagseflandi verkefni og samfélagsþjónustu barna og ungmenna.

Sjálfsæfning

1. Frímínútur 1.-4. bekkjar grunnskóla verði lengdar til þess að stuðla að meiri frjálsum leik.
2. Frístundastyrkur verði hækkaður enn frekar með áherslu á að hann nýtist öllum börnum og ungmönnum, þar með talið þeim sem ekki hafa tekið þátt í formlegu frístundastarfi.
3. Starfsstöðvum verði veitt ráðgjöf um hvernig auka megi val, s.s. með samstarfi skóla og stofnana, þar sem horft er til áhugasviða barnanna.
4. Veittir verði styrkir, í samstarfi við skólaþjónustu og heilsugæslu, til geðverndarverkefna í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi.
5. Atvinnutengt nám verði eflt og séð til þess að það standi unglíngum til boða.
6. Nemendur á unglíngastigi hafi val um að sækja áfanga í framhaldsskóla sér að kostnaðarlausu.

Læsi

1. Aukið verði aðgengi nemenda og kennara að talmeinafræðingum og öðrum sérfræðingum á sviði máls og læsis.
2. Áhersla verði lögð á að skólar noti gagnreyndar aðferðir til að efla lestrarfærni og lesskilning barna.
3. Aukið verði fjármagn til bókakaupa í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. Skólasöfnin verði eflað með aukinni tæknivæðingu og þeim gert kleift að sinna skyldu sinni sem upplýsingaver með opnum rafrænum námsgögnum, rafrókum og hljóðbókum.
4. Innleidd verði skipuleg og kerfisbundin skimun með viðurkenndum mælitækjum við upphaf skólagöngunnar til að finna og styðja þau börn sem þurfa sérstakan stuðning til að efla málþroska og lestrarfærni.
5. Mótun verði áætlun um eflingu lesskilnings barna með annað móðurmál en íslensku. Aðgerðir verði samræmdar, árangur þeirra metinn og veitt ráðgjöf eftir þörfum. Leitað verði samstarfs við háskóla um að auka framboð á námi í kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.
6. Heimavinna nemenda á yngsta stigi grunnskóla felist í lestrarþjálfun og sameiginlegum lestri barna og forráðamanna þeirra. Upplýsingar um lestrarhvetjandi verkefni séu vel kynntar og aðgengilegar fyrir foreldra og starfsfólk.

Sköpun

1. Aðgengi barna og ungmenna að list- og verknámi verði bætt og vægi þess aukið, m.a. með auknum tímafjölda í samfelldum skóla- og frístundadegi.
2. Tryggt verði að aðbúnaður til list- og verknáms á öllum starfsstöðvum sé fullnægjandi og aðstöðumunur jafnaður.
3. Auknu fjármagni verði veitt í samstarf listafólks og annarra frumkvöðla við kennara og frístundastarfsfólk að skapandi verkefnum með börnum og ungmennum.
4. Komið verði upp nýsköpunarsmiðjum (MakerSpace) á starfsstöðvum í öllum borgarhlutum. Starfsstöðvar fá sérstaka fjárveitingu og ráðgjöf til að hrinda verkefninu úr vör.
5. Boðið verði upp á námskeið og handleiðslu fyrir kennara og annað starfsfólk í frumkvöðlafræði og nýsköpunarkennslu og sérstakur stuðningur veittur til skóla sem taka þátt í samstarfsverkefnum og keppnum á þessu sviði.
6. Starfsfólk leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og skólahljómsveita fái fræðslu og þjálfun í að vinna með fjölbreytt skapandi ferli á öllum sviðum náms og menntunar.
7. Veittir verði styrkir til leiklistarstarfsemi í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.

Heilbrigði

1. Áhersla verði lögð á aðgengi að sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.
2. Almenn kynfræðsla verði í boði fyrir öll börn á miðstigi og unglíngastigi grunnskóla.
3. Boðið verði upp á fjölbreytta hreyfingu barna og ungmenna í a.m.k. klukkustund daglega, í samstarfi leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og íþróttafélaga.
4. Fjármagn til vettvangsferða og útináms verði aukið.
5. Allir starfsstaðir taki þátt í verkefninu *Heilsueflandi hverfi*.
6. Gerð verði úttekt á aðbúnaði, skipulagi matsala og matseðlum á öllum starfsstöðvum.
7. Húsnæði samrýmist kröfum um heilsuvernd.
8. Reykjavík hafi forgöngu um að sett verði viðmið í samráði við börn og foreldra um hæfilegan skjátíma barna. Innleiðing fari fram í samstarfi og með samhæfingu aðgerða skóla, frístundamiðstöðva, þjónustumiðstöðva, ungmennaráða og foreldra.